

getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar þessarar nauðsyn til bera að gera nefndum Herði Thor Morthens að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega afmarkað sem allt að 14 dögum.

Úrskurðarorð:

Hörður Thor Morthens, fæddur 31. desember 1954, til heimilis að Stigahlíð 93, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 14 dögum.

Fimmtudaginn 10. apríl 1980.

Nr. 50/1980. Jóhann Egilsson
 gegn
 Þórdísi Rögnvaldsdóttur.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. mars 1980, sem barst Hæstarétti 25. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir skiptaráðanda að kveða upp efnisúrskurð um ágreining aðilja. Hann krefst og kærumálaskotnaðar.

Engar kröfur eru gerðar af hálfu varnaraðilja fyrir Hæstarétti.

Kröfur sóknaraðilja fyrir skiptarétti Reykjavíkur eru greindar í hinum kærða úrskurði.

Í skiptamáli þessu er skiptarétturinn aðeins bær um að kveða á um, hvort eignir þær, sem kaupmáli málsaðilja tekur til, skuli taldar séreign eða hjúskapareign, sem telja beri með eignum við búskiptin. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að því er varðar þá kröfu sóknaraðilja, að kaupmálinn verði lýstur ógildur.

Í kröfugerð sóknaraðilja fyrir skiptarétti segir einnig, að þess sé krafist, „að fyrrgreind íbúð verði talin hluti félagsbús þeirra hjóna“, þ. e. aðilja málsins. Er hér átt við íbúð í Mávahlíð 43 í Reykjavík.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi að því er varðar þennan ágreining og leggja fyrir skiptaráðanda að taka þann ágreining til efnisúrlausnar.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins kærða úrskurðar. Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að því er varðar kröfu sóknaraðilja um ógildingu kaupmála aðilja.

Skiptaráðanda ber að leggja efnisúrskurð á ágreining aðilja um framangreinda íbúð.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað er staðfest. Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 29. febrúar 1980.

Mál þetta er rekið í tengslum við skipti á sameiginlegu búi þeirra Þórdísar Rögnvaldsdóttur, nafnnr. 9494-4503, og Jóhanns Kasper Krøer Egilssonar, nafnnr. 4962-07121, vegna hjónaskilnaðar málsaðilja.

Við uppskrift á búinu, sem fram fór 12. september sl. á þá sameiginlegu heimili aðilja að Mávahlíð 43, benti lögmaður sóknaraðilja þessa máls á íbúð í kjallara að Mávahlíð 43 sem eign í búinu. Þessu mótmælti lögmaður varnaraðilja þessa máls og benti á, að íbúðin væri séreign skjólstæðings síns og kæmi því ekki til skipta. Var ákveðið að fara með þennan ágreining sem sérstakt skiptaréttarmál.

Í greinargerð sóknaraðilja eru gerðar þær kröfur:

„ . . . að ógiltur verði með úrskurði skiptaréttarins kaupmáli, dags. 2. apríl 1979, á milli umbj. m. og eiginkonu hans, Þórdísar Rögnvaldsdóttur, Mávahlíð 43, Reykjavík, þar sem 2ja herb. íbúð í kjallara hússins nr. 43 við Mávahlíð í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarleiguréttindum er gerð séreign konunnar, Þórdísar, og að fyrrgreind íbúð verði talin hluti félagsbús þeirra hjóna.

Jafnframt geri ég kröfu um málskostnað úr hendi konunnar, umbj. m. að skaðlausu.“

Varnaraðili gerir þær dómkröfur í greinargerð:

„ . . . að hrundið verði með úrskurði kröfu Jóhanns Kaspers Krøyers Egilssonar um, að ógiltur verði kaupmáli þeirra hjóna, dags. 2. 4. 1979, og að kaupmálinn verði lagður til grundvallar við skipti á félagsbúi þeirra. Þá er krafist hæfilegs málskostnaðar úr hendi mannsins, umbjóðanda mínum að skaðlausu.“

Engar kröfur hafa komið fram um frávísun málsins.

Í framhaldi af skilum á greinargerðum voru teknar aðilja-skýrslur og skýrslur af vitnum. Þar sem sönnunarfærslan beindist eingöngu að því að sanna eða afsanna meintar blekkingar og sviksamlegan tilgang konunnar við gerð kaupmálans, kallaði skiptaráðandi lögmenn aðilja fyrir og bað þá að gera grein fyrir framhaldi málsins og hvort þeir teldu, að það félli innan valdsviðs skiptaréttar að skera úr um deiluefnið. Lögmennirnir ítrekuðu gerðar kröfur og vísuðu til greinargerða í því efni.

Ekki hafa komið fram mótmæli gegn því, að kaupmáli sá, sem mál þetta snýst um, sé formlega gildur. Samkvæmt leiðbeiningarreglu, sem leiða þykir mega af 2. tl., d liðar, 21. gr. laga nr. 75 frá 1973 um Hæstarétt Íslands, svo og einkum með vísan til 35. gr. laga nr. 3 frá 1878 um skipti á dánar- og félagsbúum hefur skiptarétturinn ekki vald til þess að binda aðilja með dómi til þess að afhenda búi, sem til skipta er, eign, er ekki tilheyrir búinu. Á þeirri meginreglu er ekki að finna undantekningu, sem á við tilvik sem þetta. Kaupmálanum hefur ekki verið rift fyrir hinum almenna dómstóli í héraði. Brestur því skiptarétt vald til þess að leggja úrskurð á ágreiningsefnið, og er því málinu vísað frá skiptarétti án kröfu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfélagans í Reykjavík, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. apríl 1980.

Nr. 54/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Erlu Bjarnadóttur.

Kærumál. Skipun verjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Hinn 28. mars 1980 kom Erla Bjarnadóttir fyrir sakadóm Reykjavíkur. Var henni þá birt ákæra, útgefin 29. janúar 1980, þar sem hún var ákærð til refsingar fyrir brot á umferðarlögum. Þá er bókað í þingbók: „Ákærða óskar eftir að halda uppi vörnum í málinu og óskar eftir því, að eiginmaður hennar, Hörður Ólafsson, hæstaréttarlögmaður, verði skipaður verjandi sinn. Dómarinn tjáir ákærðu, að hann geti ekki orðið við þeirri beiðni hennar að skipa hann verjanda, þar sem dómarinn hefur lagt fram kæru á hendur lögmanninum hjá Lögmannafélagi Íslands fyrir ósæmilega framkomu hans í garð dómarans í símtali í gær. Verður því samkvæmt 85. gr. laga um meðferð opinberra mála ekki unnt að skipa Hörð verjanda í máli þessu“.

Samkvæmt heimild í 4. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skaut ákærða ákvörðun þessari til Hæstaréttar með kæru sama dag, sem barst Hæstarétti 1. apríl s. á. Krefst hún þess, að fyrrgreind ákvörðun sakadómara verði úr gildi felld. Þá er þess